

**Ed.** **288. Frumvarp til laga** [49. mál]  
um eignarnámsheimild fyrir Húsavíkurkaupstað á svokölluðu Preststúni í Húsavíkurlandi.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. apríl.)

**1. gr.**

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að taka eignarnámi svokallað Preststún í Húsavíkurlandi. Andvirði túnsins verði óskilorðisbundin eign Húsavíkurkirkju.

**2. gr.**

Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.